

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	27.01.2017
Málalýkill	09.33
Mál nr.	1603319



Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 20. janúar 2017
Tilvísun: 201701091 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Ásgarðs, Garðabæ

Garðabær hefur, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga, sbr. ódagsett erindi Garðabæjar, móttekið 12. janúar 2017. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga og var tillagan auglýst með athugasemdafresti til 19. október 2016, að undangenginni auglýstri forkynningu og kynningarfundum. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn 5. júlí 2016.

Í gildi er deiliskipulag íþrótt- og skólasvæðis við Ásgarð og Vífilstaðaveg, sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 1. nóvember 2001. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu síðan þá, þ.á.m. breytingar sem tóku gildi 2004 og 2012. Þar var m.a. um að ræða að koma fyrir 4 ljósamöstrum 20 m háum og með seinni breytingunni var 3 nýjum ljósamöstrum bætt við, 18,5 m háum, eins og fram kemur í auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreytingin sem nú hefur borist er sett fram á tveimur kortblöðum dags. 5. september 2016, þar sem deiliskipulagssvæðið er annars vegar sýnt fyrir og eftir breytingu í mkv. 1:1500 og hins vegar eftir breytingu í mkv. 1:1000.

Samkvæmt yfirliti yfir breytingar í gögnum er gert ráð fyrir allt að 4 nýjum ljósamöstrum við völinn og 8 á svæðinu í heild og er hæð mastranna allt að 22 m. Með breytingunni felst eru tvö mastranna færð nær lóðunum við Stekkjarflöt og völlur færður um 8 m í átt að lóðum fyrrnefndrar götu. Á uppdrætti er staðsetning 7 mastra sýnd. Auk framangreinds er með breytingunni afmarkaður nýr stór byggingarreitur austan við íþróttamiðstöðina, Nýtt bílastæðasvæði er sýnt við Hafnarfjarðarveg og er hús sem sýnt var þar fyrir breytingu farið án skýringa og sama gildir um hús sem áður var staðsett á lóð Flataskóla.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda sbr. eftirfarandi atriði:

- Óljóst er hvaða deiliskipulagsskilmálar eru í gildi sem verið er að gera breytingar á.
- Skilmála vantar fyrir byggingarreit íþróttamannvirkis.
- Skilmálar fyrir ljósamöstur eru misvísandi í gögnum (ekki kemur fram hvaða skilmálar eru í gildi en skv. greinargerð er gert ráð fyrir 4 nýjum möstrum sem verða þá 8 á svæðinu, en 7 möstur eru sýnd á uppdrætti bæði fyrir og eftir breytingu).
- Skilmála vantar fyrir ljóskastara á möstrunum, um skermun og takmarkanir sem við geta átt (s.s. á hvaða tímum sólarhrings notkun er heimil).

- Það vantar að gera grein fyrir umhverfisáhrifum breyttrar staðsetningar, hækkunar og fjölgunar ljósamastra á umhverfið (þ.á.m. á íbúa við Stekkjarflöt).
- Jafnframt vantar að gera grein fyrir húsum þeim sem virðast eiga að víkja, þ.e. á nýjum bílastæðum vestan íþróttamiðstöðvar og á lóð Flatarskóla.

Loks er bent á að lína á byggingarreit á lóð Flatarskóla við Vífilstaðaveg hefur fallið niður, skýringar fyrir gulan lit bygginga vantar og rétt er að vísa í skipulagslög í samþykktartexta á uppdrætti.

Minnt er á, að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga, en að mati stofnunarinnar þarf að auglýsa breytingartillögu að nýju vegna ofangreindra efnisgalla.



Inga Björk Dagfinnsdóttir